

STARFSKÝRSLA ÁGÚSTS ÁRNASONAR

HJÁ SKÓGRAKT RÍKISINS

HVAMMI ÁRIÐ 1976

## S T A R F S S K Ý R S L A

Frá áramótum og fram í maí starfaði ég á skrifstofu Skógræktar ríkisins í Reykjavík. Í Skorradal fór ég öðru hvoru til eftirlits, en flutti í Hvamm í maí og var þar fram í byrjun desember.

### I. Veðurfar.

Janúar var snjóasamur og harðviðrasamur og talinn 3. kaldasti um árabil. Í febrúar fór heldur að draga úr frosti en tíðarfar var umhleipingasamt og slæmt út mánuðinn. Í einum blotanum gerði mikil flóð, sem ullu vegaskemmdum og skriðuföllum í Skorradal. Þá hljóp Fitjaá upp og skemmdi á tveim stöðum um 100 m kafla í Bakkakotsgirðingu. Snjóskriður rufu stór skörð á tveim stöðum í girðingu á Stóru-Drageyri. Rosknir bændur í Skorradal töldu veturinn þann harðasta sem þeir myndu.

Marz var kaldari en í meðal ári og óvenju úrkomusamur. og snjóþungur. Hægt gekk að hlýna í veðri því snjófannir voru alveg niður að vatni fram yfir 10. maí, en þá var þó aðeins byrjað að nala í varpa. Í seinni hluta maí fer vel að hlýna og þá kemst hiti upp í 17 - 20° á daginn og eru það með heitustu maí dögum, sem mælst hafa. Maí var þó í heild kaldari en í meðalári og úrkomusamur. Þann 9. júlí var 24° hiti og nokkrir dagar í fyrrihluta júlí voru mjög hlýir. Telja má að veðurfar í júlí hafi verið gott fyrir allan gróður. Þegar kemur fram í júlí fer að verða votviðrasamt og ágúst var með eindæmum úrkomusamur.

Sumarmánuðir allir voru að meðaltali í kaldara lagi utan fárra daga fyrrihluta sumars. Síðustu fannirnar norðan í Draga-fellinu hurfu ekki fyr en í byrjun september.

Fyrsta frostnóttin var 1. sept. en eftir hana sá dálítið á kartöflugrasi. Frostnatur voru nokkrar í sept. en ekki harðar. Kartöflugras féll ekki í sept. og ber voru óskemmd fram til 8. okt.

Veðurfar í okt. var venju fremur gott, hlýrra en í meðalári og sólríkt.

Nóvember var einnig góður en kólnaði heldur undir mánaðarmótin. Desember var með eindæmum þurr og sólríkur.

## 2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

Töluvert sá á flestum trjágróðri eftir stormasama veðuráttu síðastliðins vetrar. Mest var þetta áberandi á veðrasömum

stöðum. Töluvert sá á birkinu við vatnið norðanvert enda var vatnsbakkinn óvenju mikið veðraður eftir veturinn.

Lerkið laufgaðist 21. - 26. maí, en birkið 28. maí til 2. júlí. Birkið fyrir sunnan vatn, sem snýr móti norðri grænkaði fyrir en það fyrir norðan vatnið.

Birkið var orðið gult yfir að líta 27. sept. en felldi ekki laufið fyrir en löngu seinna vegna góðviðris.

Birkiskógurinn fyrir sunnan vatn var áberandi þrifalegri heldur en fyrir norðan vatn. Sérstaklega var birkið dökkt yfir að líta miðsvæðis fyrir norðan vatn en þar var skógarmaður mestur á fyrra ári.

Árssprotar á stafafuru voru styttri en á undanförunum árum og yfirleitt heldur undir meðallagi á barrtrjám, nema á sitkagreni, sem óx all vel á sumrinu.

Lús og maður voru ekki mjög áberandi á birki, en töluvert bar á lús á greni fyrrihluta sumars en ekki varð vart við að hún gerði skaða á trjámum.

### 3. Starfsfólk.

Á launaskrá komu 26 en að jafnaði voru 10 starfandi yfir sumarmánuðina.

Mánaðarlegar launagreiðslur voru, sem hér segir:

Maí	kr.	137.392.-
Júní	-	691.112.-
Júlí	-	743.025.-
Ágúst	-	823.797.-
Sept.	-	511.596.-
Okt.	-	502.775.-
Nóv.	-	549.675.-
Des.	-	131.569.-
Samtals		<u>4.090.941.-</u>

## Verkefnasundurliðun vinnulauna:

101	Ráðskona	kr.	731.505.-
103	Gróðuse <b>tning</b>	-	266.875.-
104	Hirðing	-	184.340.-
105	Jólatré og hnausplöntur	-	391.129.-
109	Viðhald girðinga	-	131.732.-
110	Vegagerð	-	12.728.-
112	Smölun	-	186.747.-
114	Verkfæri	-	15.584.-
301	Tilraunir	-	16.611.-
507	Viðhald starfsmannabúst.	-	26.831.-
510	Viðhald Geymslur	-	51.720.-
601	Hús Hvarmi	-	1.906.133.-
601	V Vatnsveitan í Hvarmi	-	<u>169.006.-</u>
	Samtals	kr.	4.090.941.-

4. Girðingar.

Engar nýjar girðingar voru gerðar á árinu, ~~en~~ viðhald var með svipuðu móti og á undanförunum árum. Viðhald var þó með meira móti vegna óvenju mikilla skemnda af snjóflóðum og vatnavöxtum á síðastliðnum vetri.

Sauðfjórveikivarnargirðingin milli Háafells og Stálpastaða var afhent á árinu Skógrekt ríkisins til viðhalds. Girðingin er orðin léleg og þarf töluvert viðhald eða að verða girt upp á næstu árum.

## 5. Gróðursetning.

---

Gróðursetning var með minna móti á árinu. Norðmenn, sem voru í heimsókn 5. - 17. ágúst, gróðursettu mestan hluta plantnanna á Stóru-Drageyri. Þeir voru í feði og húsnæði í bændaskólanum á Hvanneyri. Gróðursetningar sveið var skammt frá skáta-skólannum en þar höfðu þeir hreinlætis- og nestisaðstöðu.

Flestar voru plönturnar í móbandi nema 6.470 stk. sitkagreni Cordova.

50 ára afmælimót skáta á Akranesi var haldið á Stóru-Drageyri daganna 2. - 4. júlí. Þarna mætti hópar skáta hvaðan efa að af landinu. Á dagskrá mótsins var gróðursetning í afmælisreit félagsins rétt ofan við skátaskálann. Um 120 manns tóku þátt í gróðursetningunni og gróðursettar voru 300 plöntur af rauðgreni og 300 af stafafuru. Á móti, sem þessu eru ákveðin á dagskrá ýmis verkefni, sem skátar meiga svo velja úr eftir eigin vali. Til gamans má geta þess að af þeim verkefnum, sem fyrir lágu var það gróðursetningin, sem flestir völdu.

Skógramenn K F U M gróðursettu í Vatnaskógi 300 stk. rauðgreni Leirfjörd og 1700 stk. stafafuru Skagway.

Í skógræktargirðinguna í Kúhóllum í landi Ferstiklu gróðursettu norðmennirnir 600 plöntur af stafafuru Skagway og 600 af sitkagreni Cordova.

## Tafla yfir gróðursetningar:

## Stálpastaðir:

Tegund	Kvæmi	Aldur	Tala	Reitur	Plantaðdag.
Fjallabíur	Skagway	2/2	500	R 231	8. júní
Fjallab.	Skagway	2/2	300	R 111	9. júní
Fjallab.	Skagway	2/2	200	R 321	14. júní
Broddfura	Hall.	3/3	2.000	R 321	2. - 8. sept.

## Hvammur:

Rauðgreni	Vang Löten	3/3	550	R 621	10 - 11. júní
Rauðgreni	Vang Löten	3/3	2.000	R 725	10. - 14. júní
Rauðgreni	Leirfjörð	2/2	2.150	R 725	14. - 22. júní
Sitkagreni	Cordova	2/1	1.970	R 523	22. - 24. sept.

## Selsskógur:

Rauðgreni	Leirfjörð	2/2	2.025	R 821	28.- 30. júlí
-----------	-----------	-----	-------	-------	---------------

## Stóra-Drageyri:

Rauðgreni	Leirfjörð	2/2	300	R 341	2. - 3. júlí
Stafafura	Skagway	2/1	300	R 341	2. - 3. júlí
Stafafura	Skagway	2/1	11.000	R 321	5. - 17. ágúst
Sitkagreni	Cordova	2/3	6.470	R 321	5. - 17. ágúst
Sitkagreni	Cordova	2/1	7.800	R 321	5. - 17. ágúst
Sitkagreni	Homer	2/1	4.130	R 321	5. - 17. ágúst

Gróðursettar voru samtals 41.695 plöntur, sem skiptast eftir tegundum, sem hér segir:

Sitkagreni	20.370
Rauðgreni	7.025
Stafafura	11.300
Broddfura	2.000
Fjallabíur	1.000

Samtals 41.695

Gróðursetning skiptist eftir girðingum, sem hér segir:

Stálpastaðir	3.000
Hvammur	6.670
Selsskógur	2.025
Stóra-Drageyri	30.000

Samtals 41.695

## 6. Hirðing.

Minna var kostað til um hirðingu en á undanföörnum árum. Nokkuð var til af áburði frá fyrra ári og var honum dreift á 1.3 ha í Hvammi og 2 ha á Stálpastöðum. Grisjað var frá barrplöntum á sömu sveðum.

Þess má geta að þegar unnið er við að grísja út jólatré og greinar þá fer oft töluverður tími í að snyrta í kring um barrplöntur. Farið var um 15.5 ha sveði á Stálpastöðum og 2.3 ha í Hvammi við grísjun fyrir jólatré og greinar.

Lögð var 1300 m göngubraut um skóglendið á Stálpastöðum fyrir heimsókn þátttakenda á fundi Norræna Skógræktar-sambandsins, sem haldin var hér á landi.

## 7. Vegagerð.

Lítið var unnið við vegagerð nema að halda ferum dráttarvélabrautum. Vegagerð um skóglendin þar sem unnið er við töku greina og jólatrjáa er orðin mjög aðkallandi.

## 8. Byggingar.

Byggingar voru lang stærsta verkefnið á árinu. Í Hvammi var rífið gamla íbúðarhúsið og þar steypt upp á sama grunni 127.5 m<sup>2</sup> hús. Hús þetta tengist byggingunni, sem byrjað var á árið 1967, með eldhúsi. Þar að auki eru 5 tveggjamanna svefnherbergi fyrir starfsfólk, ráðskonuherbergi, eldhús fyrir mötuneyti, stofa og borðstofa.



Eins og áður getur var lokið við að steypa upp húsið en ekki tókst að koma þaki á fyrir áramót.

Í Bakkakoti fuku í ofsaveðri á síðastliðnum vetri fjárhús og fjárhúshlaða. Það sem eftir var uppistandandi var rifið og efnið sem fokið hafði og dreifst um stórt sveði var tínt saman.

Dálitlu var kostað til um viðhald á bröggunum í Hvammi.

Í vor var lögð ný vatnsleiðsla úr 50 mm plaströrum frá nýju vatnsbólum úti í Hvammshlíð. Leiðsla þessi eru tapir 600 m að lengd. Ekki reyndist kleift að steypa vatnsgeymi við vatnsbólum, eins og áætlað var, vegna mikillar úrkomu. Þarna þarf að steypa 12 m<sup>3</sup> vatnsgeymi á næsta ári.

#### 9. Vélar og verkferi.

Engar nýjar vélar voru keyptar á árinu en aðeins kostað til um viðhald véla og verkfæra. Meðal annars var skipt um þakklæðningu á kaffivagni.

Kostað var upp á viðgerð á gamalli frystikistu.

#### 10. Ýmislegt.

Um Jónsmessuleytið var rifinn gamli þerinn í Hvammi en hann hefur verið vistarvera fyrir starfsfólkið síðan 1958. Til úrlausnar á húsnæðisplássi fyrir starfsfólk og mótuneyti var tekinn á leigu gamli þerinn í Dagverðarnesi. Þetta er nokkuð þröngt pláss en fremur vistlegt.

Síðastliðið vor og haust voru seldar 472 hnausplöntur, flestar sitkagreni, sem tekna voru til grisjunar úr gróðursetningum á Stálpastöðum. Á söluverðmæti gerðu hnausplönturnar kr. 1.082.000.-

Fyrir jólin voru seld samtals 2747 jólatré og 880 kg af furugreinum fyrir kr. 5.613.000.- Þar af voru 2233 grenitré og 514 furutré.

Reykjavík 1 febrúar 1977

*Hjóst Gunnarsson*